



11. stjórnarfundur Almannaheilla

haldinn 3. apríl 2019 kl.09:00 í Sigtúni 42

Mætt eru: Ásdís Eva Hannesdóttir (ÁEH), Erna Reynisdóttir (ER), Ketill Berg Magnússon (KBM), Guðlaug B. Guðjónsdóttir (GBG), Hildur Helga Gísladóttir (HHG), Jónas Guðmundsson (JG), Ragnheiður Sigurðardóttir (RS), Steinunn Hrafnadóttir (SH) og Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ).

Forföll boðuðu: Árni Einarsson (ÁE), Erna Arngrímsdóttir (EA), Guðrún Helga Bjarnadóttir (GHB) og Vilhjálmur Bjarnason (VB).

1. Fundur settur kl. 09:00

2. Frumvarp um Almannaheillafélög

Frumvarpið er komið inn á vef Alþingis. Stjórn er hvött til þess að hafa samband við ráðamenn og kynna frumvarpið. Athygli er vakin á grein frá formanni um frumvarpið. Stjórn er jafnframt hvött til þess að kynna frumvarpið vel innan sinna raða og senda inn umsögn um frumvarpið inn á vefinn.

KBM og JG hafa umboð stjórnar að halda áfram með verkefnið.

3. Lýsa - Fundur fólksins 2019

Vinnuhópur stjórnar (JG, GBG og HHG) fóru yfir samskipti við Menningarfélag Akureyrar (MAK). KBM er falið að hafa samband við formann MAK og Reykjavíkurborg.

Fagrað verkefnisins skipa ÁEH og HHG. GBG er til vara.

4. Erfðafjargjafir

KBM sagði frá: Rauði krossinn, UNICEF og Krabbameinsfélagið hafa óskað eftir samstarfi við Almannaheill um kynningu á erfðagjöfum fyrir almenning. RKÍ, UNICEF og KÍ sjá um að stýra verkefninu, framleiða kynningarefni og greiða fyrir þann kostnað. Almannaheill verða því ekki fyrir neinum útgjöldum.

Framlag Almannaheilla er að vera í forsvari fyrir verkefnið í fjölmiðlum. Lógó félaganna auk merkis Almannaheilla væru sýnileg. Ef önnur félög innan Almannaheilla vilji taka þátt greiðir það félag jafnan hlut við hin í kostnaði (áætlað um 1,5 mkr).

ER er falið að láta félög sem komu að vinnu við gerð á bæklingi Almannaheilla um erfðafjargjafir vita af þessari vinnu.

Stjórn samþykkti að taka þátt í verkefninu.

5. Siðareglur Almannaheilla

Vinnuhóp stjórnar skipa KBM, JG og GHB. Jón Ólafsson heimspekingur er hópnum til aðstoðar.

Stefnt er á að leggja uppfærðar siðareglur fyrir aðalfund.

6. Heimsmarkmiðin

Stefnt er að vinnustofu fyrir félagasamtök í kringum 20. maí nk. KBM, ÞÞ og RS skipa undirbúningshóp.

7. Aðalfundur 2019

Aðalfundur er boðaður 15. maí nk.

Búið er að virkja uppstillingarnefnd. Jón Pálsson er formaður nefndar. Aðrir nefndarmenn eru Ólafur Proppé og Auður Inga Þorsteinsdóttir.

Helgi Gunnarsson er tilbúinn að taka að sér fundarstjórn.

Samþykkt að senda ársreikninginn á milli í tölvupósti til skoðunar. Stefnt að því að stjórn afgreiði reikninginn á fundi stjórnar 8. maí nk.

8. Staða málefnaþópa

ÞÞ og SH sögðu frá náminu í HR, stjórnendur í þriðja geiranum. Ákveðið er að bjóða aftur upp á námið í haust. Búið er að stytta það til þess að gera það enn aðgengilegra. Námið fer fram frá október – desember.

9. Önnur mál

ÁEH sagði frá fundi í Kaupmannahöfn.

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 8. maí kl. 09:00 í Sigtúni 42.

RS ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 10:50.